



Reykjavík, 5. mars 2018

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Meðfylgjandi er skilagrein stýrihóps Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Vegagerðarinnar og Samgönguráðuneytisins um samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu til 2030. Markmið vinnu hópsins var að samhliða tillögum um fyrstu áfanga Borgarlínu yrði horft heildstætt til þróunar allra samgöngumáta, þar með talið stofnvega. Tillögur hópsins eru byggðar á rýni fyrri vinnu sem mæta markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðið til 2040 og gildandi samgönguáætlunar ríkisins 2011-2022.

Markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er að fólksfjölgun verður mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Meginmarkmið gildandi samgönguáætlunar er að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

Til hópsins var stofnað í kjölfar erindis stjórnar SSH til samgönguráðherra þar sem óskað var eftir aðkomu ríkisins að undirbúningi og fjármögnun Borgarlínu. Eftir fund með ráðherra var ákveðið að útvíkka stýrihóp sem starfað hefur á grundvelli samkomulags SSH og Vegagerðarinnar í tengslum við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Á vegum hópsins hefur verið unnin greining á ástandi stofnvegakerfisins, m.a. með ástandsgreiningu á öllum helstu gatnamótum höfuðborgarsvæðisins og útfærslum og áfangaskiptingu lagningar Borgarlínu, auk vinnu að hjólreiðaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.

Tillögur um Borgarlínu falla að markmiðum svæðisskipulags 2015-2040 og markmiðum samgönguáætlunar en ein af meginniðurstöðum umferðarspáa sem unnar hafa verið í tengslum við verkefnið er að markmiðum ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu verði ekki náð án aðgerða sem breyta ferðavenjum. Jafnframt eru dregnar fram lykilaðgerðir í stofnvegakerfinu til að mæta flöskuhálsum byggt á fyrirnefndri ástandsgreiningu. Þeim þarf að forgangsraða frekar og rýna útfærslu þeirra í samræmi við ákvæði samgönguáætlunar og umfjöllun hópsins.

Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga Borgarlínu er 43,9 milljarðar króna. Áætlaður kostnaður við tillögur um stofnvegaframkvæmdir er 43 milljarðar króna en ætla má að um samlegðaráhrif vegna framkvæmda geti orðið 6,5 milljarðar króna fari þær fram samhliða. Þá er áætlað að til áframhaldandi stíga og gerðar forgangsreina verði varið 3 milljörðum króna. Alls er fjárþörf þessara lykilinnviða í samgöngum höfuðborgarsvæðisins til 2030 því 83,4 milljarðar króna, að teknu tilliti til samlegðaráhrifa.

Mikilvægt er að fjármunir verði tryggðir til ofangreindra framkvæmda á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og samgönguáætlun og eðlilegt að samið verði um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í þeim samhliða til að tryggja framgang þeirra.

---

Dagur B. Eggertsson, formaður stýrihóps